

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	1.11.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6406750209	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jens Andésson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Svavarsson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram í eftirlitinu. Í síðasta eftirliti voru þrjú frávik er varða niðurstöður frárennismælinga, skriflega áætlun um endurnýtingu úrgangs vantar og sólarhringsstyrkur SO₂ fór yfir mörk árið 2011. Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Vandamál hafa verið með frárennsli fyrirtækisins í nokkrum undanfarandi eftirlitum og hefur fyrirtækið sent inn áætlun um úrbætur til Umhverfisstofnunar.

Farið var yfir úrbótaáætlun og framkvæmd hennar vegn svifefna í frárennsli. Búið er að skilgreina nokkra staði þar sem uppspretta svifefna er þekkt vandamál. Eins og fram kom í athugasemd í síðustu eftirlitsskýrslu voru mikil óhræinindi kol og önnur hráefni í framleiðsluna á plani milli innmötunar og hráefnisgeymsla. Planið er bæði holótt og óslétt sem hrista efnisflutningaskóflur þannig að efnið hristist af skóflum og leitar niður í niðurföllin sem eru mörg á þessu plani. Lagt er til í áætlun um úrbætur að planið verði slétt og holur fylltar. Einnig berast ógrynni fastefna frá geymslu endurvinnsluefna og úrgangs frá Fesi niður í fráveitukerfið þar sem rýmið er lítið miðað við magn, halli að niðurföllum er mikill og mikil umferð. Jafnframt er lagt er til að þessi aðstaða verði flutt á hentugri stað.

Í síðustu eftirlitsskýrslu kom fram frávik frá starfsleyfi þar sem sólarhringsstyrkur SO₂ mældist í loftgæðastöðinni við Kríuvörðu 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum á ársgrundvelli árið 2011 en skv. reglugerð 251/2002 er aðeins leyfilegt að yfirstíga þessi mörk 7 sinnum á ári. Í verkefni sem sett var af stað vegna þessa, er verið að vinna nýtt spálíkan yfir vindafar á Grundartanga svæðinu og verið að gera samanburð við rauntímamælingar til að sannreyna líkanið. Niðurstöður eru væntanlegar 31. desember 2012.

Frávik frá

Gr. 2.12 og 2.16 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Niðurstöður frárennismælinga voru ekki innan þeirra marka sem kveðið er á um í gr. 2.12 og 2.16 í starfsleyfi. Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun.

Gr. 2.18 í starfsleyfi

Ekki er til skrifleg áætlun um endurnýtingu úrgangs eins og krafist er í gr. 2.18 í starfsleyfi. Unnið samkvæmt samþykktir úrbótaáætlun.

Reykjavík, 20.12.2012



Ólafur Kristinn Tryggvason

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.